

Mætt:

Jóhannes Gísli Henningsson
Karen Nótt Halldórsdóttir

formaður
ritari

21. fundur

1. Girðingar uppi í almenningi þarfnast enn viðgerða.
2. Gámasvæðið hefur enn ekki verið lagfært og gámarnir enn loklausir á víð og dreif. Þetta þarf að vera komið í lag fyrir vorið þegar ferðamannastraumurinn hefst.
3. Nýverið fengum við höfnun á beiðni um sparkvöll í eyna. Það þykir okkur afar leitt þar sem íþróttastaða í eyinni er engin og útileikjastaða fyrir börn af afar skorum skammti. Tvö mörk eru á bletti fyrir utan félagsheimilið en í miðjum þeim „velli“ er niðurfall og boltar fjúka gjarnan niður í fjöru. Það vantar sárlega bættu útiaðstöðu til leikja.
4. Ákveðið var að fyrir styrkinn til hverfisráðs í fyrra yrði útbúinn stigi niður brekkuna fyrir neðan Fiske-minnisvarðann og niður að bryggju. Það var ekki gert og viljum við að styrkurinn síðan í fyrra gangi inn í styrkinn í ár og gerður verði stiginn.
5. Félagsheimilið í eyinni þarfnast yfirferðar. Til að mynda er dúkurinn í salnum ónýtur og vandamál í lögnum.

Fundi slitið